

Nd.

192. Nefndarálit

[112. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í nefndinni varð samkomulag um ýmsar breytingar á frv., og eru brtt. fluttar á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Á fund nefndarinnar kom meðal annarra dr. Gunnar Schram, og gaf hann nefndarmönnum ýmsar fróðlegar upplýsingar. Hann taldi meðal annars, að líta mætti á slíkt frv. sem framhald af annarri meginröksemd Íslendinga á erlendum vettvangi fyrir útfærslu fiskveiðilandhelginnar, þ. e. a. s. þeirri, að við vildum nýta fiskimiðin innan hennar á sem hagkvæmasta hátt frá efnahagslegu sjónarmiði. Dr. Gunnar tók þó skýrt fram, að slík löggjöf yrði að byggjast á því, að veiðarnar væru stundaðar undir visindalegu eftirliti og að um takmarkaðar og tímabundnar heimildir væri að ræða. Hann undirstrikaði sérstaklega nauðsyn þess, að refsíákvæðum laganna væri fylgt, því að fátt gæti skaðað málstað okkar meira við frekari friðunaraðgerðir utan 12 mílna fiskveiðilandhelginnar en brot á þeim lagaákvæðum og reglum, sem í gildi eru á hverjum tíma.

Alþingi, 17. des. 1968.

Birgir Finnsson,
form.

Sverrir Júlíusson,
fundaskr.

Pétur Sigurðsson,
frsm.

Guðl. Gíslason.

Björn Pálsson.

Lúðvik Jósefsson,
með fyrirvara.

Jón Skaftason.